

Atvinnuvegaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 18. mars 2021

Drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Meðal grunnréttinda neytenda eins og þau eru skilgreind af Sameinuðu þjóðunum, er réttur til upplýsinga. Þessi réttur er ekki síst mikilvægur þegar kemur að matvælum og má til gamans geta að eitt fyrsta baráttumál Neytendasamtakanna þegar þau voru stofnuð árið 1953 var að krefjast dagsstimpils á matvæli. Vannst einn fyrsti sigur samtakanna þegar innlendir kaffiframleiðendur samþykktu að stimpla á kaffipoka hvenær kaffið var brennt og malað. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og réttindi neytenda til upplýsinga hafa stórbatnað en eftir því sem matvælaframleiðsla verður flóknari verður krafan um upplýsingar ríkari.

Neytendabaráttan í dag gengur þannig meðal annars út á að gera framleiðendum skylt að einfalda upplýsingagjöf í stað þess að flækja hana eins og dæmi eru um, svo sem með heimatilbúnum merkingum og heilsufullyrðingum sem fá mikið vægi framan á umbúðum á meðan lögbundar upplýsingar eru oftast settar aftan á umbúðir. Nokkur Evrópulönd hafa þegar innleitt svokallað Nutri-Score kerfi sem gefur neytendum á augabragði upplýsingar um það hversu holl/óholl varan er. Er þetta viðurkenning á því hversu mikilvægt það er fyrir neytendur að hafa aðgang að skýrum og réttum upplýsingum áður en, eða um það leyti sem, ákvörðun um kaup er tekin og að neytendur

eigi að geta nálgast þessar upplýsingar eins fljótt og á eins einfaldan hátt og hægt er. Þegar matvæli eru annars vegar er þessi réttur jafnvel enn mikilvægari þar sem bein tengsl eru á milli heilsu og mataræðis.

Tæknilausnir, eins og lagðar eru til í þessari reglugerð, sbr 1 gr. c lið, geta vissulega auðveldað aðgengi að upplýsingum og minnkað kostnað framleiðenda og innflytjenda við merkingar á vörum sem að öllu eðlilegu ætti að skila sér í lægra vöruverði. Hins vegar er líka fyrir séð að þessi breyting sé hamlandi fyrir neytendur sem þurfa þá að skanna hverja einustu vöru til að nálgast grundvallarupplýsingar eins og innihaldslýsingu og næringargildi, dagstimpil og að ekki sé talað um varúðarmerkingar eins og skylt er að setja á ákveðnar vörur. Í því samhengi ber að huga að því að neytendur leita þessara upplýsinga, ekki einungis í verslunum, heldur einnig síðar meir þegar matreitt er, til að ganga úr skugga um hvort matvaran innihaldi ofnæmisvaldandi efni, sem sumum getur reynst hreinlega lífshættuleg, nú eða hvort varan sé komin hættulega langt fram yfir síðasta neysludag. Ef lögboðnar upplýsingar eru ekki á umbúðum er neytandi háður því að hafa síma við höndina hvort sem er í verslun eða þar sem matur er höndlaður. Einnig yrði flóknara fyrir neytendur að sjá á augabragði þær upplýsingar sem þeir leita eftir og gera auðveldlega gert samanburð á milli vörutegunda.

Einnig er viðbúið að framleiðendur/innflytjendur muni áfram nota umbúðir til að koma þeim upplýsingum til skila sem þeim hugnast best. Má í því samhengi benda á ýmsar heilsu- og næringarfullyrðingar og GDA merkingu sem hagsmunasamtök neytenda í Evrópu hafa gagnrýnt mjög enda oft á tíðum villandi fyrir neytendur. Þegar frumvarp Evrópusambandsins um merkingar á matvæli var til meðferðar árið 2009 börðust matvælaframleiðendur hart gegn breytingum sem miðuðu að því að einfalda upplýsingar neytendum til hagsbóta, svo sem næringargildismerkingu framan á umbúðum. Aldrei áður hafði jafnmiklu fé verið varið í hagsmunagæslu og þegar umrætt frumvarp var til meðferðar. Er þetta rifjað upp hér til að minna á að hagsmunir framleiðenda/seljenda og neytenda fara ekki endilega saman þegar merkingar á matvörum eru annars vegar. Er viðbúið að framleiðendur muni eftir sem áður setja þau skilaboð á umbúðir, sem þeir vilja koma á framfæri og eru hluti af markaðssetningu vörunnar- enda augljóst að umbúðirnar eru það sem athygli neytenda dregst að.

Tilraunir framleiðenda til að markaðssetja óhollar vörur eru vel þekktar og má nefna litríkar umbúðir utan um dísætt morgunkorn sem jafnvel er auglýst sem vítamínþætt. Væri viðbúið að

upplýsingar um hátt sykurinnihald færirst yfir í smáforrit en umbúðir verði eftir sem áður litríkar og með fullyrðingum sem eru ekki til þess fallnar að hjálpa neytendum.


Mikið hefur áunnist í réttindabaráttunni en ennþá er langt í land og geta Neytendasamtökin ekki samþykkt neinar breytingar sem eru til þess fallnar að skerða aðgengi neytenda að upplýsingum. Samtökin telja því eðlilegt að nákvæm útfærsla liggi fyrir áður en heimild er veitt til svo róttækra breytinga og einnig að viðhorf neytenda til slíkra breytinga verði kannað. Þá telja samtökin miklum vafa undirorpið að c-liður 1. gr. standist Evrópulöggjöf.

Neytendasamtökin setja sig ekki upp á móti því að neytendum verði gefinn kostur á að fá viðbótarupplýsingar með stafrænum hætti en telja það gangi þvert gegn hagsmunum neytenda verði gefinn afsláttur af lágmarksupplýsingum sem nauðsynlegt og lögboðið er að hafa á umbúðum.

F.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður



Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri